


Jón Sigurðsson og sögukennsla. Örfáar hugleiðingar

Ráðstefna Félags
sögukennnara, Hrafnseyri,
6. ágúst 2026



Guðni Th. Jóhannesson

gudnith@hi.is


www.gudnith.hi.is

Jón Sigurðsson

1811–1879

Leiðtogi sjálfstjórnarbaráttu Íslendinga

*Fræðimaður, stjórnmalamaður og táknmynd
íslenskrar sjálfsmyndar.*



Uppvöxtur á Hrafnseyri

17. júní 1811

Jón fæddist á Hrafnseyri við Arnarfjörð.

Faðir hans var Sigurður Jónsson prestur.

Móðir hans var Þórdís Einarsdóttir .

Hann ólst upp í umhverfi þar sem handrit, fræði og menntun skiptu miklu máli.

HRAFNS EYRI

VESTFIRÐIR

MENNTUN



Menntun og fyrstu störf



1829

flutti til Reykjavíkur og lauk stúdentsprófi

1830–
1833

var skrifari Steingríms Jónssonar biskups

1833

hóf nám í Kaupmannahöfn en beindi kröftunum fljótt að handritastarfi

Leið Jóns lá úr sveitinni á Hrafnseyri inn í miðju fræðaheims í Danmörku .

Handritin og þjóðararfleifðin

Jón vann við varðveislu, útgáfu og skráningu íslenskra handrita.

Starfaði við Stofnun Árna Magnússonar, fyrst sem styrkþegi og síðar ritari.

Kom að útgáfu lykiltexa: sagna, Snorra Eddu og íslenskra laga.

Sá þjóðararfinn sem grunn að menningu, sjálfsmynd og pólitískum réttindum.



Varðveisla handrita var ekki aðeins fræðastarf heldur hluti af sjálfstæðisbaráttunni.

Maðurinn á bak við leiðtogann

Giftist Ingibjörgu Einarsdóttur, frænku sinni,
árið 1845.

Heimili þeirra í Kaupmannahöfn varð
samkomustaður Íslendinga.

Þau tóku að sér Sigurð, frænda Jóns, og ólu
hann upp sem son.

Um 1.300 send bréf og 6.700 móttakin

Stjórn málaferill og sjálfstjórn



Jón beitti penna, ræðum og stjórnskipulegum rökum í baráttunni fyrir réttindum Íslands.

Frá 1840 skrifaði hann markvisst um íslensk málefni.

Barðist fyrir verslunarfrelsi og gegn dönskum einokunarhömlum.

Var kjörinn á Alþingi 1844–1845 og sat þar til dauðadags.


Var forseti Alþingis frá 1849 og hlaut viðurnefnið Jón forseti.

RÖK

ÞRAUTSEIGJA

SJÁLFSTJÓRN

Áfangar í sjálfstjórnarbaráttunni



Baráttan var friðsamleg en ákveðin: byggð á sögu, lögum, menntun og skýrum kröfum um rétt Íslands.

Arfleifð Jóns Sigurðssonar



17. júní varð þjóðhátíðardagur Íslands þegar lýðveldið var stofnað árið 1944.

Jón lést 7. desember 1879 í Kaupmannahöfn.

Mynd hans hefur verið á 500 króna seðli.

Stytta af honum stendur á Austurvelli í Reykjavík.

Jónshús í Kaupmannahöfn er menningarsetur Íslendinga.

Niðurstaða

Jón Sigurðsson sameinaði fræðastarf og stjórnsmál. Hann varð rödd sem minnti Íslendinga á að þjóðararfleifð, menntun og réttur til sjálfstjórnar væru óaðskiljanleg.

Arfleifð hans mótaði nútímaímynd Íslands sem sjálfstæðrar þjóðar.

Hrafnseyri stendur eftir sem upphafsstaður sögunnar og tákn um tengsl manns, staðar og þjóðar.

þar ágætlega, skrifaði mikið en gat þess á milli hressist sig við að aka og ríða um skóginn og ganga við vatnið eða róa um það. Síðan fluttist hann til Hafnar aftur og bjó þar síðasta árið sem hann lifði. Fjárhagurinn var þröngur en hann sjálfur einmana og löngum vanheill. Þá var það einn dag í maímánuði vorið 1845 að Jónas datt í stiganum er hann gekk til herbergis síns að kvöldi til og brotnaði fóturinn ofan við ökkla. Hann gerði ekki vart við sig né lét gera að beinbrotinu fyrr en daginn eftir. Sagðist hann ekki hafa viljað ónáða menn því að hann vissi að hann gæti ekki lifað enda varð sú raunin á. Jónas andaðist fáum dögum síðar, á 38. aldursári. Mun þjóðin lengi trega að hafa misst sinn hjartfólgnasta snilling svo ungan eingöngu vegna þess að hann átti ekki við sæmileg lífskjör að búa.

Jón Sigurðsson.

Um sama leyti og Baldvin Einarsson andaðist kom til Hafnar 22 ára piltur, að nafni Jón Sigurðsson. Hann var sonur Sigurðar prests á Eyri við Arnarfjörð þar sem afbragðsmaðurinn Hrafn Sveinbjarnarson hafði búið sex öldum áður. Heldur var þröngt í búi á Eyri á fyrri búskaparárum Sigurðar. Reri prestur þá árlega til fiskjar



Hrafnseyri við Arnarfjörð.

með húskörlum sínum. Þegar Jón var kominn um fermingu tók faðir hans hann með sér í verið og eru munnmæli um að Jón hafi átt að vera hálfdrættingur. En hann undi því illa og þóttist eiga heilan hlut eins og hinir hásetarnir og hafði sitt fram. Þórdís hét móðir Jóns, góð kona og vitur, en nokkuð skaphörð. Sagði karl einn sem ól allan aldur sinn með þeim hjónum, að heldur vildi hann fá tíu ónotayrði frá prófasti en eitt frá maddömunni. Snemma þótti Jón hafa góðar gáfur og kenndi faðir hans honum í heimahúsum allan skólalærdóm. Átján vetra fór hann til Reykjavíkur og tók stúdentspróf hjá dómkirkju-prestinum. Síðan var hann eitt ár við verslun í Reykjavík hjá föðurbróður sínum, kaupmanni er Einar hét. Einar átti dóttur, Ingibjörgu að nafni. Var hún þrem árum eldri en Jón. Þau frændsystkin felldu hugi saman en giftust þó eigi fyrr en mörgum árum síðar. Þegar til Hafnar kom lagði Jón í fyrstu stund á málfræði en hneigðist síðar meir að sögu og stjórnmálum. Ekki hirti hann um að taka embættispróf en varð brátt kunnur fyrir að vera afburða fróður og vandvirkur visindamaður í öllu er snerti íslenska málfræði. Og í sögu Íslands hefur enginn maður staðið honum á sporði fyrr né síðar.

Þjóðfundurinn 1851.

Frá því um 1830 var ókyrrð mikil víða í álfunni. Kunnur þjóðirnar því illa að fá engu að ráða um stjórnarhætti sína og verða í öllum þjóðmálum að hlíta forsja konunganna og þeirra manna er þeir völdu sér fyrir ráðgjafa. Varð þetta til þess að konungarnir í ýmsum löndum neyddust til að koma á þjóðþingum. Í fyrstu var íslendingum ætlað að senda þingfulltrúa til Danmerkur en þó kom þar um síðir að konungur kallaði nokkra íslenska embættismenn á fund í Reykjavík og skyldu þeir gefa dönsku stjórninni bendingar um íslensk mál. Þegar kom fram um 1840 var hugur Jóns Sigurðssonar mjög farinn að hneigjast að landsmálum. Þá urðu konungaskipti í Dan-

mikið, en gat þess á milli hressist sig við að aka og ríða um skóginn og ganga við vatnið eða róa um það. Síðan fluttist hann til Hafnar aftur og bjó þar síðasta árið, sem hann lifði. Fjárhagurinn var þröngur, en hann sjálfur einmana og löngum vanheill. Þá var það einn dag í maímánuði vorið 1845, að Jónas datt í stiganum, er hann gekk til herbergis síns að kvöldi til, og brotnaði fóturinn ofan við ökla. Hann gerði ekki vart við sig né lét gera að beinbrotinu fyrr en daginn eftir. Sagðist hann ekki hafa viljað ónáða menn, því að hann vissi, að hann gæti ekki lifað, enda varð sú raunin á. Jónas andaðist fáum dögum síðar, á 38. aldursári. Mun þjóðin lengi trega að hafa misst sinn hjartfólgnasta snilling svo ungan eingöngu vegna þess, að hann átti ekki við sæmileg lífskjör að búa.

Jón Sigurðsson.

Um sama leyti og Baldvin Einarsson andaðist kom til Hafnar 22 ára piltur, að nafni Jón Sigurðsson. Hann var sonur Sigurðar prests á Eyri við Arnarfjörð, þar sem afbragðsmaðurinn Hrafn Sveinbjarnarson hafði búið sex öldum áður. Heldur var þröngt í búi á Eyri á fyrri búskaparárum Sigurðar. Reri prestur þá árlega til fiskjar með húskörlum sínum. Þegar Jón var kominn um fermingu, tók faðir hans hann með sér í verið, og eru munnmæli um, að Jón hafi átt að vera hálfdrættingur. En hann undi því illa og þóttist eiga heilan hlut eins og hinir hásetarnir og hafði sitt fram. Þórdís hét móðir Jóns, góð kona og vitur, en nokkuð skaphörð. Sagði karl einn, sem ól allan aldur sinn með þeim hjónum, að heldur vildi hann fá tíu ónotayrði frá prófasti en eitt frá maddömunni. Snemma þótti Jón hafa góðar gáfur, og kenndi

Nr. 59.
22.
nóvbr.

Lög

um

fræðslu barna.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Djettmerski,
Lænborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og Vjer staðfest þau með
samþykki Voru:

I. kafl.

Um fræðsluskyldu.

1. gr.

Fræðslu barna til fullnaðs 10 ára aldurs skulu heimilin annast sjálf og kosta, nema þar sem öðruvísi er ákveðið með skólareglugjörð (6. gr.). Skal hvert barn 10 ára að aldri vera orðið nokkurn veginn læst og skrifandi, ef það er til þess hæft. Komist skólanefnd eða fræðslunefnd að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi fræðslu í þessum greinum, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa húsbænda, ber henni að gjöra ráðstöfun til, að börnunum verði komið fyrir annarsstaðar, þar sem þau fái nauðsynlega tilsögn. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eru aðstandendur barnsins skyldir að greiða, en borga má hann fyrirfram úr sveitarsjóði. Kostnað þennan má taka lögtaki.

2. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á að hafa lært.:

1. að lesa móðurmálið skýrt og áheyrilega og geta sagt munnlega frá því, er það les; það skal og geta gjört skriflega grein fyrir efni, sem það þekkir vel, nokkurn veginn ritvillulaust og mállýtalaust; það skal vita nokkuð um merkustu menn vora, einkum þá, er lifað hafa á síðustu öldum, og kunna utanbókar nokkur íslenzk kvæði, helst ættjardarljóð og söguleg kvæði, og geta skýrt rjett frá efni þeirra í óbundnu máli.
2. að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd.
3. í kristnum fræðum það, sem heimtað er eða heimtað kann að verða, að börnin kunni í þeirri grein til fermingar.
4. fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum og geta notað þær til þess að leysa úr auðveldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, meðal annars til þess að reikna flatarmál og rúmmál einföldustu hluta; það skal og vera leikið í því, að reikna með lágum tölum í huganum.



Um sögu og menntastefnu

— eftir Arnþór Hannibalsson

<https://timarit.is/files/59382577>

[106_thing_1983-1984_thingskjol_A.pdf](#)

Sp. 277. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]
um kenntslu í Íslandssögu.

Flm.: Eirur Guðnason, Páll Pétursson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að í grunnskólanámi verði kenntsla í sögu íslensku þjóðarinnar aukin og við það miðuð að nemendur öðlist ekki aðeins þekkingu og skilning á sögu þjóðarinnar heldur og trú á landið og vilja til að varðveita það menningarsamfélag sem hér hefur þróast í ellefu aldir.

„Jón Sigurðsson og sjálfstæðisbaráttan. Þar er safnað ýmsu efni um Jón Sigurðsson. Bókin er rituð í þriðju persónu, talað er um orðið „Íslendinga“, orðið „við“ kemur hvergi fyrir. Litið er á Jón Sigurðsson og sjálfstæðisbaráttu Íslendinga sem einhvern hlut sem er hægt að skoða, tilefni til að ihuga „margvísleg orsakasamhengi“. Þetta er þá niðurstaðan af okkar striti í sjö hundruð sumur. Og þetta gefur íslenska ríkið út til uppfærðslu ungs fólks í landinu. Þjóðríki sem þannig hagar sér er að vinna gegn eigin hagsmunum. Frumgrunnur og tilveruforsenda smárikis er ævarandi barátta þess fyrir fullveldi og sjálfstæði. Höfuðverkefni ríkisins er að skapa samstöðu allrar þjóðarinnar í þeirri baráttu. Ríkið hlýtur að beina orku sinni að því, að Íslendingar öðlist ekki aðeins þekkingu og skilning á þjóðarsögunni, heldur og að þeir hafi vilja til að varðveita það menningarsamfélag sem við höfum komið okkur upp. Sjálfstæðisbaráttunni lýkur aldrei.

Þrengt að sögukennslu í skólum

• Sagnfræðingar og sögukennarar segja sögukennslu í skólum í harðri baráttu fyrir tilveru sinni

! Engin ný kennslubók í sögu fyrir framhaldsskóla hefur komið út í nær tvo áratugi

[Þrengt að sögukennslu í skólum](#)

„Vönduð sögukennsla snýst ekki um að safna staðreyndum um liðna tíð – það þarf ekki að sitja í sögutímum til þess, það er hægt að gúggla, hlusta á hlaðvörp, lesa bækur,“ sagði Súsanna Margrét Gestsdóttir, lektor við menntavísindadeild Háskóla Íslands, við Morgunblaðið fyrir fundinn, en hún var einn framsögumanna.

„Sögukennsla býður einstakt tækifæri til að kenna nemendum heimildarýni og skoða orsakasamhengi og greina margvísleg sjónarhorn,“ segir Súsanna. Hún segir að kennslan bjóði upp á samræður um það hvaðan heimildir komi og hvers eðlis þær séu og hvers vegna sumt í fortíðinni þyki mikilvægt og annað ekki.

„Nemandi getur tekið stúdentspróf af bóknámsbraut í nokkrum skólum án þess að taka sögu,“ er haft eftir Auði Björgúlfsdóttur, formanni Félags sögukennara, í frásögn af fundinum á heimasíðu Sagnfræðingafélagsins sem hér er stuðst við. Ástæðan er sú að skólar fá að móta námsbrautir sínar og ráðuneyti málaflokksins hefur samþykkt brautarlýsingar þar sem engin saga er í kjarna. Auður sagðist ekki verða vör við neikvætt viðhorf nemenda til sögu þó þeim fyndist stundum sem lesa þyrfti mikið. Hins vegar gerði minnkandi val að verkum að nemendur ættu erfiðara með að velja sögu.



<https://www.facebook.com/groups/18931472816/>

Snorri Guðjónsson

mig langaði ða deila því með þeim sem komust ekki með okkur í vísindaferðina til Heimssýnar á föstudaginn. Þegar Vigdís Hauksdóttir var bend á nýrri og "réttari" söguskoðun Íslands sem okkur er kennt í okkar námi lét hún þessi ummæli falla: "Er þetta það sem er verið að kenna ykkur í Háskólanum; við verðum að skoða þetta."

Unlike · Comment · 5 hours ago

👍 You, Maria Joh, Sigurður Ágústsson and 16 others like this. 📄 Seen by 80



Sigurgeir Ö. Magnússon Voru ummælin þá meint á þann hátt að henni líkaði ekki hvað var verið að kenna okkur og það þyrfti að laga það, eða að henni líkaði það og fannst hún þurfa að skoða hvað það væri verið að kenna okkur svo hún gæti leiðrétt sína söguskoðun?
5 hours ago · Like



Björn Reynir Halldórsson Augljóslega hið fyrri. Endurskoðun Íslandssögunnar sem veitir ekki svart-hvíta mynd af góðu íslensku hetjunum gegn vondum útlendingum (og gagnrýnin hugsun almennt) fellur illa að þjóðernishyggju Vigdísar og framsóknarmanna almennt.
5 hours ago · Like · 📄 8



Snorri Guðjónsson Þetta hljómaði hreinlega einsog hótun því þetta var að því að mig mynnir 4 eða 5 skiptið sem við vorum að leiðrétta hana, henni líkaði þessi söguskoðun einkar illa.
5 hours ago · Like · 📄 1



Björn Reynir Halldórsson Og við vitum hvað gerðist þegar hún hótaði RÚV :S

Það verður samt gaman að sjá Vigdís taka slaginn við allt fræðasamfélag sagnfræðinga
5 hours ago · Like · 📄 3



Sigurgeir Ö. Magnússon Við þurfum þá að gerast tilbúin fyrir innrás Vigdísar og Framsóknarmanna. Jæja, eigum við að skiptast í hópa og byrja grafa skotgrafirnar?
5 hours ago · Like · 📄 2

Viðbót 30. okt. 2015:

Flosi Þorgeirsson Ógleymanleg er ferð okkar til Heimssýn þar sem Vigdís Hauksdóttir var forvið á söguþekkingu okkar. Helst var að heyra á henni að Jón Sigurðsson hefði verið í sama baráttuflokknum og Che Guevara og Simon Bolivar.
Flosi Þorgeirsson Ég man þetta enn orðrétt. Þetta er greypt í huga minn að eilífu : "Hvað er eiginlega verið að kenna ykkur þarna uppi í Háskóla!? Það þarf nú eitthvað að fara að kíkja á þetta..."

[Gleðilegan... - Guðni Th. Jóhannesson, fyrrverandi forseti Íslands | Facebook](#)

Eftirleikurinn – Hver var þessi Jón?

Átökin sem spunnust út af þessu urðu hápólitísk og náðu hámarki veturinn 1983-1984. Skólapólitískir straumar mættust þar af hörku, blaðagreinar skiptu tugum og tekist var á um sögukennslu um allt samfélagið, einnig á Alþingi. Slök söguþekking, samkvæmt könnun meðal 16-20 ára Íslendinga árið 1983, varð kveikjan að skrifum undir yfirskriftinni „Hver var þessi Jón?“ þar sem þjóðkunnir fræðimenn tjáðu sig um málið frá ólíkum sjónarhornum. Allt þótti tilefni deilna; ákvæði í námskrám, námsefnið, kennsluhættirnar, námsmatið, allt.


Illu heilli snerust deilurnar að mestu um átök milli hefðarhyggju með meinta áherslu á „miðlun staðreynda“ og umbótahyggju með meinta áherslu á „fúsk og leiki“, í stað þess að beina athyglinni að mikilvægi söguvitundar, „að hver einstaklingur hafi vitund um að vera staddur í einhverri sögulegri framvindu. Honum finnist hann vera liður í þróun samfélags sem stefni í einhverja átt, þannig að skoðanir manns á fortíðinni tengist því hverju maður býst við af framtíðinni“, svo vitnað sé í skilgreiningu Gunnars heitins Karlssonar.

11. júlí 2026 | Aðsent efni | 703 orð | 1 mynd

Þjóðaratkvæðagreiðsla í eftirleik „sögukennsluskammdegis“

Hvernig mun söguvitund kjósenda í væntanlegri þjóðaratkvæðagreiðslu birtast? Hvers virði reynist baráttan forvera okkar fyrir sjálfstæði í þeirra huga?


Meyvant Þórólfsson



[Þjóðaratkvæðagreiðsla í eftirleik „sögukennsluskammdegis“](#)

Jón Sigurðsson og sögukennsla. Örfáar hugleiðingar

Ráðstefna Félags
sögukennnara, Hrafnseyri,
6. ágúst 2026



Guðni Th. Jóhannesson

gudnith@hi.is

www.gudnith.hi.is

Einnar glæru saga Íslands

Ris: Landnám til 1262. 'Gullöld Íslendinga'.

Hnignun: 1262 til 19. aldar. 'Myrkar aldir'.

Ris: Sjálfstæði og velmegun á 20. öld.

Saga Íslands endurskoðuð

Ekki aðeins 'frjálsir menn' sem stofnuðu svo 'fyrsta löggjafarþingið'

Víkingar sigldu og voru í kaupmennsku, en myrtu líka, rændu og rupluðu. 'Það er yfirleitt ekki spurt hvort þeir hafi ekki verið hryðjuverkamenn síns tíma.'

Erlend yfirráð: 'Hnignun, hvaða hnignun?'

'Sjálfstæðisbaráttan' flókin saga þar sem frjálslyndir straumar að utan og íhaldssemi heima fyrir skipta miklu máli.